



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 14/2014

Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Rekstrarfélags tíu-ellefu ehf., rekstraraðila verslananna 10-11 að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar

I.

Málsmeðferð

1.

Starfsmaður Neytendastofu kom í verslanir Rekstrarfélags tíu-ellefu ehf., rekstraraðila 10-11, dagana 6.-24. júní 2013, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga í verslunum. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum skal verðmerking vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru hún vísar. Skoðunin fer þannig fram að starfsmaður kannar almennt ástand verðmerkinga í versluninni, þ.e. hvort vörur séu verðmerktar, auk þess sem ástand verðmerkingarskanna er skoðað. Þá eru valdar af handahófi 50 vörur og athugað hvort þær séu verðmerktar og hvort hilluverðmerking samræmist við verð á kassa. Niðurstöður skoðunarinnar voru að í 10-11 við Barónsstíg voru gerðar athugasemdir við níu vörur af 50. Í 10-11 við Dalveg voru gerðar athugasemdir við sjö vörur af 50. Í 10-11 við Efstaland voru gerðar athugasemdir við átta vörur af 50 auk þess sem gerðar voru athugasemdir við óverðmerkt snuð og bleyjur og að einingarverð vantaði víða. Í 10-11 við Eggertsgötu voru gerðar athugasemdir við sjö vörur af 50. Í 10-11 við Fjarðargötu voru gerðar athugasemdir við 11 vörur af 50. Í 10-11 við Hjallabrekku voru gerðar athugasemdir við 12 vörur af 50. Í 10-11 við Laugarvegi voru gerðar athugasemdir við 9 vörur af 50. Í 10-11 við Lág múla voru gerðar athugasemd við 11 vörur af 50 auk þess sem gerðar voru athugasemdir við að verðmerkingar vantaði á osta og stand með gosi og einingarverði vantaði víða. Í 10-11 við Melabraut voru gerðar athugasemdir við níu vörur af 50. Í 10-11 við Staðarberg voru gerðar athugasemdir við átta vörur af 50. Í 10-11 við Þverbrekku voru gerðar athugasemdir við 12 vörur af þeim 50 vörum sem skoðaðar voru.



Stafsmenn verslananna kvittuðu fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeirra athugasemda sem gerðar voru. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í verslununum þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Rekstrarfélags tíu-ellefu, dags. 27. júní 2013, greindi stofnunin frá niðurstöðum skoðunar í verslununum og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

Neytendastofu barst tölvubréf frá Rekstrarfélagi tíu-ellefu, dags. 8. júlí 2013, þar sem fram kemur að fyrirtækið leggi miklar áherslur á að verðmerkingar í verslunum séu í lagi og í samræmi við lög og reglur. Dæmi um það sé að verslanir fyrirtækisins séu þær einu sem merki hverja og eina pakkningu af kjötvörum eftir gildistöku nýrra reglna árið 2011. Fyrirtækið sé nýbúið að skipta um tölvukerfi sem hafi gert fyrirtækinu erfitt fyrir að fá einingarverð inn á hillumiða. Það mál sé að leysast og muni verða komið í lag eins fljótt og auðið verði.

2.

Dagana 3.-21. október 2013 var framkvæmd önnur skoðun hjá verslunum 10-11 sem fór fram með sama hætti og fyrri skoðun. Niðurstöður skoðunarinnar var að í 10-11 við Barónsstíg voru gerðar athugasemdir við 14 vörur af 50 auk þess sem gerðar voru athugasemdir við óverðmerкта stæðu með snakki, stand með snyrtivörum og stand með kortum. Í 10-11 við Dalvegi voru gerðar athugasemdir við 11 vörur af 50. Í 10-11 við Efstaland voru gerðar athugasemdir við 18 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Í 10-11 við Eggertsgötu voru gerðar athugasemdir við 23 vörur af 50. Í 10-11 við Fjarðargötu voru gerðar athugasemdir við 15 vörur af 50 auk þess sem gerðar voru athugasemdir við óverðmerkta Sun Lolly stand og hillu með súkkulaði. Í 10-11 við Hjallabrekku voru gerðar athugasemdir við 21 vörur af 50. Í 10-11 við Laugaveg voru gerðar athugasemdir við 21 vöru af 50. Í 10-11 við Lág múla voru gerðar athugasemdir við 18 vörur af 50 auk þess sem athugasemd var gerð við óverðmerkta hillu með Sun Lolly. Í 10-11 við Melabraut voru gerðar athugasemdir við 22 vörur af 50 auk þess sem athugasemd var gerð við óverðmerkta standa með súkkulaði. Í 10-11 við Staðarberg voru gerðar athugasemdir við 20 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Í 10-11 við Þverbrekku voru gerðar athugasemdir við 23 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru.

Með bréfi Neytendastofu til Rekstrarfélags tíu-ellefu, dags. 8. nóvember 2013, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðu skoðunarinnar í verslunum 10-11. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi fyrirtækið ekki hafa gert viðeigandi lagfæringar á ástandi verðmerkinga í verslununum. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin yrði ákvörðun um framhald málsins á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.



3.

Neytendastofu barst tölvubréf frá Rekstrarfélagi tíu-ellefu, dags. 14. nóvember 2013, þar sem fram kemur að vinnuferli verslananna við stofnun nýrra vara hafi verið breytt í kjölfar athugasemda Neytendastofu í júní sl. Á nýjum vörum komi nú alltaf fram einingarverð á hillumiða. Vinna við að breyta áður stofnuðum vörum hafi hinsvegar gengið hægar en áætlað var og sé sú vinna ennþá í gangi. Óraunhæft sé að versluninni muni takast að laga það í jólatörninni og því sé óskað eftir fresti til 1. febrúar 2014, til að koma öllum merkingum í lag.

Neytendastofa sendi tölvubréf til Rekstrarfélags tíu-ellefu, dags. 27. nóvember 2013, þar sem fram kemur að ákvæði um að seljendum beri að merkja vörur sínar með söluverði og einingarverði hafi verið í gildi hér á landi um árabíl. Regluna hafi meðal annars verið að finna í 5. gr. reglna nr. 576/1994 um verðmerkingar. Í ljósi þess að verslunum hafi verið skylt að gefa upp einingarverð vara í a.m.k. 19 ár og að stofnunin hafi gert athugasemdir við verðmerkingar í verslunum félagsins í júní 2013 og beint þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í lag geti stofnunin ekki fallist á frest fram til 1. febrúar 2014, til að koma verðmerkingum í lag. Óski félagið eftir að koma að frekari skýringum eða athugasemdum þá sé þess óskað að þær berist innan sjö daga frá dagsetningu tölvubréfsins.

Neytendastofu barst tölvubréf frá Rekstrarfélagi tíu-ellefu, dags. 29. nóvember 2013, þar sem fram kemur að félagið leggi mikla áherslu á að vinna þetta mál eins hratt og hægt sé. Eftir að hafa farið yfir þetta aftur þá hafi verið sett upp áætlun sem miði að því að klára þetta fyrir 15. desember 2013. Félagið óski eftir fresti til þess dags til þess að ljúka við verkefnið.

Neytendastofa sendi Rekstrarfélagi tíu-ellefu tölvubréf, dags. 6. desember 2013, þar sem fram kom að Neytendastofa hafi kannað verðmerkingar í öllum matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu í júní sl. Í október hafi starfsmaður farið og kannað hvort verslanir hafi farið eftir fyrirmælum Neytendastofu um að bæta verðmerkingar sínar. Neytendastofa muni ljúka málum þeirra verslana sem gerðar voru athugasemdir við í síðari skoðun með formlegri ákvörðun. Í tölvubréfi Neytendastofu, dags. 27. nóvember 2013, hafi félaginu verið veittur frestur til að koma á framfæri athugasemdum eða skýringum áður en formleg ákvörðun yrði tekin. Sá frestur hafi ekki tekið til þess að verslanir félagsins kæmu verðmerkingum í lag eftir síðari skoðun stofnunarinnar. Líkt og fram hafi komið þá muni Neytendastofa ljúka málinu með formlegri ákvörðun.



II. Niðurstaða

Í máli þessu sinni Rekstrarfélag tíu-ellefu ekki fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslunum sínum við Barónsstíg, Dalveg, Efstaland, Eggertsgötu, Fjarðargötu, Hjallabrekku, Laugaveg, Lágmúla, Melabraut, Staðarberg og Þverbrekku í viðunandi horf.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.

Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“

Samkvæmt framangreindum ákvæðum ber verslunum 10-11 að verðmerkja allar söluvörur sínar með endanlegu verði og með einingarverði og skulu þær vera réttar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðana í verslunum 10-11, eftir að stofnunin hafði beint þeim fyrirmælum til



félagsins að bæta ástand verðmerkinga sinna, þær að í 10-11 við Barónsstíg voru gerðar athugasemdir við 14 vörur af 50 auk sem skoðaðar voru auk þess sem gerðar voru athugasemdir við óverðmerkta stæðu með snakki, stand með snyrtivörum og stand með kortum. Í 10-11 við Dalveg vantaði einingarverð á 11 vörur af 50. Í 10-11 við Efstaland voru gerðar athugasemdir við 18 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Í 10-11 við Eggertsgötu voru gerðar athugasemdir við 23 vörur af 50. Í 10-11 við Fjarðargötu voru gerðar athugasemdir við 15 vörur af 50 auk þess sem gerðar voru athugasemdir við óverðmerkta Sun Lolly stand og hillu með súkkulaði. Í 10-11 við Hjallabrekku voru gerðar athugasemdir við 21 vöru af 50. Í 10-11 við Laugaveg voru gerðar athugasemdir við 21 vöru af 50. Í 10-11 við Lágmúla voru gerðar athugasemdir við 18 vörur af 50 auk þess sem athugasemd var gerð við óverðmerkta hillu með Sun Lolly. Í 10-11 við Melabraut voru gerðar athugasemdir við 21 vöru af 50 auk þess sem athugasemd var gerð við óverðmerkta standa með súkkulaði. Í 10-11 við Staðarberg voru gerðar athugasemdir við 20 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Í 10-11 í Þverbrekku voru gerðar athugasemdir við 23 vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Slíkt telur Neytendastofa óviðunandi og brjóta gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og verðmerkingareglna.

Eftir fyrri skoðun Neytendastofu var þeim fyrirmælum beint til 10-11 að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert heldur voru mun fleiri athugasemdir gerðar við verðmerkingar í verslununum í síðari skoðun. Því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls þess sem fram hefur komið telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga. Að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að félagið var búið að lagfæra einingarverð vara á nýjum vörum eftir fyrri heimsókn Neytendastofu og búið að fjárfesta í nýju kerfi til þess að laga einingarverð vara sem og að teknu tilliti til umfangs brotsins, fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Rekstrarfélag tíu-ellefu, stjórnvaldssekt að fjárhæð 150.000 kr. fyrir hverja verslun. Rekstrarfélagi tíu-ellefu er því gert að greiða 1.650.000 kr. (einmilljónogsexhundruðogfimmtíuþúsund). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Rekstrarfélag tíu-ellefu ehf., Lágmúla 9, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, með óviðunandi verðmerkingum í verslunum fyrirtækisins við Barónsstíg, Dalveg, Efstaland, Eggertsgötu, Fjarðargötu, Hjallabrekku, Laugaveg, Lágmúla, Melabraut, Staðarberg og Þverbrekku. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Rekstrarfélag tíu-ellefu að fjárhæð kr. 1.650.000 (einmiljónogsexhundruðogfimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 2. apríl 2014

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir